



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Fundargerð 45. fundar skólanefndar

Dagsetning: þriðjudagurinn 24. október 2009

Viðstaddir: Skúlína, Kjartan Páll (formaður), Sigríður Finsen, Magnús Þór, Ólína, Björg, Pétur Ingi, Fanney Sumarliðadóttir áheyrnarfulltrúi nemenda, Sólrún áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna sem ritaði fundargerð.

1. Skólastarfið á haustönn 2009.

Kennir eru 69 áfangar á önninni. Nemendur eru 281. Boðnir eru fram 63 áfangar að vori. Ánægja virðist vera með nýtt kennsluumhverfi – Moodle. Foreldraráð hefur hafið störf og staðið fyrir fundum í bæjarfélögunum. Húsfundur var haldinn í FSN 8. október. Á fundinn mættu flestir starfsmenn skólans og nemendur. Þar kom fram mikil óánægja meðal nemenda með eininganiðurskurð og skyldumætingu í vinnustofur. Niðurstöður húsfundarins voru í kjölfarið teknar fyrir á kennarafundi og ákveðið að bregðast við því.

Stjórnendur og námsráðgjafi hafa endurskoðað viðmið um fjölda eininga sem nemendur geta tekið á önn hverri. Tekin var sú ákvörðun að miða við 8,5 og 7,5 í meðaleinkunn úr grunnskóla, til að geta tekið fleiri einingar og stytta námstíma í 3 og 3,5 ár. Þessar viðmiðunarreglur voru birtar nemendum í síðustu viku þegar val vegna næstu annar hófst. Ákveðið var að létta á skyldumætingu í vinnustofur milli 15:00 og 16:00. Ástæðan fyrir því að gripið var til þess að setja skyldumætingu í vinnustofur má rekja til slakari ástundunar nemenda á síðustu önn og tillögu kennara um bindingu vinnustofa. Lenging á deginum, skyldumæting og hertari reglur var ef til vill of stórt skref að taka, sem einnig skapaði fleiri eyður í stundatöflu bæði hjá nemendum og kennurum.

Kjartan spyr nánar um hvernig þessi einingafjöldi hafi verið kynntur fyrir nemendum. Nemendum voru kynntar þessar nýju reglur í umsjónartíma og öllum nemendum var sendur tölvupóstur. Einnig kynnir námsráðgjafi þær fyrir nemendum í viðtölum. Magnús Þór talar um mikilvægi þess að þessar viðmiðunartölur komist til skila til grunnskólanna.

Skólameistari hefur hvatt nemendur til þess að koma skoðunum sínum um nám, námsbrautir og áfanga og hefur nú þegar fengið ábendingar frá nemendum.

- FSN mun taka þátt í afmælisviðburði vegna 40 ára afmælis Apollo11 geimferðar og lendingu með NASA. Þetta mun verða gagnvirk útsending, sem 5 alþjóðlegir skólar taka þátt í, með fræðsludagskrá um stjörnuvísindi og rannsóknir. FSN er eini skólinn sem mun taka þátt á Íslandi.
- Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga hefur sýnt áhuga á að styrkja forvarnarstarf í FSN. Forvarnarfulltrúi FSN mun vinna að því að koma þessu samstarfi á.



- Farsímaverkefni með Símanum og Menntaskóla Borgarfjarðar er í undirbúningi. Þetta verkefni gengur út á það að nota nýja tækni í námi og kennslu – farsímamann. Hægt að tengja þetta námi í ýmsum greinum, t.d. í ferðapjónustu, bókmenntum, samfélagsgreinum og tungumálum.
- Leonardo verkefni – skólanum býðst þátttaka í mobility-verkefnum (1 ár) eða partnership-verkefnum með öðrum skólum (2 ár), verkefnin verða kynnt á kennarafundi.
- Námskrárhópurinn og stjórnendur vinna að nýrri námskrá. Stefnumótunardagur kennara er fyrirhugaður um næstu helgi, þar sem unnið verður að nýrri námskrágerð.
- Samráðsfundir um námsbraut í ferðamálafræðum á dagskrá í nóvember. Þrjár fundir verða haldnar og mun þeim verða lokið 14. nóvember.
- Skólasamningsfundur 11. nóvember og eru stjórnendur byrjaðir að huga að honum.

2. Miðannarmat

Miðannarmat er að ljúka þessar dagana. Einkunnir eru að skila sér. Það er tilfinning kennara að eldri nemendur virðast ekki vera að sýna viðunandi ástundun og árangur og telja að skoðanir/afstaða þeirra til skólaveru og ástundunar hafi þar áhrif. Fulltrúi kennara talar um leiðarbækur sem hún leggur fyrir í sinni kennslu. Í þessum leiðarbókum þurfa nemendur meðal annars að fara í gegnum sjálfsmat. Hún tók eftir því að eldri nemendur voru mun óánægðari en yngri nemendur. Skólameistari varpar upp þeirri spurningu til skólanefndar hvað atriði hún vilji sjá koma inn í stefnumótun. Það virðist vera ánægja með morgunvinnustund (8:30-9:00) og hafragrautinn. Skúlína talar um að hafragrauturinn, sem veittur hefur verið í boð skólans, kosti töluvert og að ekki verði víst hvort hægt sé að hann veita hann áfram ókeypis. Skólanefnd leggur til að það liggi fyrir greining á því hverju við erum að reyna að ná fram. Kennarar og nemendur þurfa að taka þátt í þessari hugmyndarvinnu saman. Það þurfi að koma til móts við nemendur og útskýra vel ástæður breytinga og ákvarðanir um þær fyrir kennurum og nemendum.

3. Fjármál skólans

Skólameistari kynnti skýrslu Ríkisendurskoðunar sem birt var á www.mbl.is í október. Heitar umræður mynduðumst um einstaka atriði í umfjöllun um FSN, s.s. kostnað vegna búnaðarkaupa frá fyrsta starfsári. Skólanefnd taldi rétt að svara því sem í skýrslunni kom fram.

Skólameistari kynnti tölur fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2010 og bar saman við 2009. Framlag á hvern nemanda lækkar úr 1057 þús. krónur á ársnemanda árið 2009 í 979 þús. krónur á ársnemanda árið 2010. Við vorum með 19 ársnemendur umfram árið 2008 sem einungis voru einungis bættur að hluta til. Skólameistari hefur ítrekað beðið um skýringar frá Menntamálaráðuneyti og ekki fengið greinargóð svör við öllum liðum.



Farið var yfir sögu skólans í fjármálum frá 2004. Halli frá fyrsta starfsári skólans hefur enn ekki verið bættur. Skólanefnd vill sækja það erindi til menntamálaráðuneytis.

Halli fyrsta ársfjórðungs þessa árs var mjög mikill eða um 50%. Ekki hafa verið veitt nein framlög til skólans vegna starfsbrautar árið 2009. Skólanefnd vill óska eftir fundi með ráðherra og ræða þessi mál.

4. Starf framhaldsdeildar á Patreksfirði

Tvö ár eru liðin síðan verkefni framhaldsdeildar Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Patreksfirði hófst. Sjálfsmat og stöðuskýrsla vegna hennar er í vinnslu. Reynsla af starfsemi deildarinnar er jákvæð. Húnaþing hefur lýst yfir áhuga á sambærilegu verkefni. Einnig hefur skólameistari veður af því að áhugi hafi verið fyrir fjarnámsdeild á Hólmavík. Sjálfsagt sé að kanna hvort grundvöllur sé fyrir fleiri dreifmenntarverkefnum, en gengi þeirra sé háð því hvort fjármunir muni fylgja.

5. Stefnumótun – til framtíðar, ábendingar frá skólanefnd

- Þróun fjarnáms í dreifðum byggðum og fangelsum – með dreifnámssniði.
- Þróa áfram nýtingu á upplýsingatækni í skólastarfinu, auka fjölbreytni.
- Auka áhrif nærumhverfissins í þróun skólastarfsins.
- Taka tillit til raunfærnimats.
- Áframhaldandi þróun á náms- og kennsluháttum.
- Persónuleg nálgun – umhyggja fyrir einstaklingum – varðveita nálægðina.
- Ímynd og áhugasvið – vinna með.
- Auka sjálfstæð og fagleg vinnubrögð.
- Efling félagsauðs á Snæfellsnesi.

Skúlína kynnti fimm meginstoðir í skólastarfi, áhersluatriði menntamálaráðherra. Þessar stoðir eru: læsi, lýðræði-lýðræðislegir starfshættir, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi skólastarf.

Fundi slitið kl. 19:00.

